

Mál nr. 145/2008
M og
Vátryggingafélagið V v. sjúkdómatryggingar

Bótakrafa úr sjúkdómatryggingu vegna tjóns þ. 19.1.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 31. júlí 2008 ásamt fylgisjölum 1-7
2. Bréf V dags. 8.9.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-4
3. Yfirlýsing Hákonar Hákonarsonar dags. 31.7.2008.

Málsatvik.

M sótti um sjúkdómatryggingu hjá V í mars 2001. Þ. 20.3.2008 gerði M bótakröfu á hendur V vegna veikinda sinna og óskaði eftir greiðslu bóta úr Certus sjúkdómatryggingu sinni hjá V. V hafnaði kröfunni og heldur því fram að M hafi ekki gefið réttar upplýsingar við töku tryggingarinnar og sagði síðan upp umræddri tryggingu á grundvelli 84 gr laga um Vátryggingasamninga nr. 30/2004. Lögmaður M fór fram á að V endurskoðaði afstöðu sína og telur að vanræksla M á að sinna upplýsingagjöf sinni með fullnægjandi hætti sé lítilvæg og hafi ekki haft nein áhrif á áhættu á blóðtappa. Þá bendir lögmaður M á að M hafi ekki fyllt sjálfur út almennar upplýsingar heldur ráðgjafi á vegum V, en M hafi notið ráðlegginga frá starfsmanni V við útfyllingu umsóknarinnar. Í yfirlýsingu Hákonar Hákonarsonar kemur fram að meginregla Alþjóða líftryggingafélagsins hafi verið að veita þeim sem fóru í áfengismeðferð ekki tryggingu fyrr en að liðnum 2 árum frá meðferðinni. V hafnar bótaskyldu og bendir á að við töku tryggingar hafi M þjáðst af þunglyndi, kvíða og átt við áfengis- og vímuefnavanda að stríða. Þær upplýsingar hafi M ekki gefið við töku tryggingarinnar en hefðu þær legið fyrir þá hefði M verið synjað um sjúkdómatrygginguna. Þá er á það bent af hálfu V að Hákon Hákonarson hafi aldrei verið starfsmaður V og yfirlýsing hans skipti ekki máli. Þá bendir V á fleiri atriði sem sýni fram á að M hafi ekki gefið réttar upplýsingar við töku ofangreindrar tryggingar. Af hálfu V er ítrekað að hefði M gefið réttar upplýsingar þá hefði tryggingarbeiðini M verið synjað af hálfu V.

Álit.

Fyrir liggur að M gaf ekki réttar eða fullnægjandi upplýsingar í umsókn sinni um sjúkdómatryggingu hjá V. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr ofangreindri sjúkdómatryggingu hjá V vegna veikinda sinna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 9.9. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.